

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1749
komudagur 4.4.2003

BÚNAÐARSAMBAND
SUDUR - ÞINGEYINGA



Auðnum, 641 Húsavík.
Sími 464-3208. Netf. audnir@simnet.is

**Til landbúnaðarnefndar Alþingis
v. máls nr. 681 á 128. löggjafarþingi.**

Stjórn BSSP hefur tekið til umfjöllunar frumvarp um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði o.fl. sem sent var henni til umsagnar. Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

Með vísan til fágætrar heilbrigði jafnt villtra og ræktaðra laxfiskastofna hér á landi verður að álíta þá breytingu, sem fyrirhuguð er á 79. gr laganna um lax- og silungsveiði stórhættulega nema því aðeins að innflutningur verði, með mjög ströngum reglugerðaákvæðum nokkurnvegin útilokaður á grundvelli sjúkdómavarna. Sama gildir um breytingu á 2. gr. laga um innflutning dýra.

Auðnum, 2.4. 2003.

f. h. stjórnar BSSP.

Jón Benediktsson



Alþingi
Erindi nr. P 128/1785
komudagur. 7.5.2003

Landbúnaðarnefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 30. apríl 2003
SP/hó

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim
Tilv: 2003030049

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 26. mars sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Markmiðið með frumvarpinu mun vera að innleiða Evróputilskipun nr. 91/67/EBE í íslenskan rétt. Frumvarpið felur í sér þá grundvallarbreytingu frá gildandi lögum, að heimilt verður að flytja til landsins lifandi laxfisk og annan vatnafisk samkvæmt skilyrðum er sett verða í reglugerð. Jafnframt verður heimilt að nota til fiskflutninga erlenda brunnbáta, sem ekki er nú.

Að mati stjórnar Bændasamtaka Íslands er enginn vafi á því, að þessar breytingar fela í sér aukna hættu á, að fisksjúkdómar berist til landsins, sem geti valdið hér búsifjum og náttúruspjöllum. Ef hins vegar lagabreytingarnar eru óhjákvæmilegar vegna samningsskuldbindinga okkar og annarra hagsmuna, verður að leggja á það þunga áherslu, að landbúnaðarráðherra tryggi með reglugerð og yfirdýralæknir með eftirliti að ýtrustu varnir verði viðhafðar á hverjum tíma. Sérstaklega er varað við, að brunnbátar séu notaðir jöfnum höndum héraðs og erlendis.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurgeir Þorgeirsson



Alþingi
Erindi nr. P 128/1771
komudagur 28.4.2003

Keldum, 23. apríl 2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis
c/o Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

UMSÖGN

Málefni: Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl., 681. mál, EES-reglur


Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn undirritaðs vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Undirritaður hefur engar efnislegar athugasemdir fram að færa við sjálft lagafrumvarpið. Ég verð hins vegar að gera alvarlegar athugasemdir við kaflann um „Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins“ á bls. 4. Ég tel afar brýnt að 4. og 5. setning í 2. mgr. („Um 2. gr.“) verði hreinlega strikaðar út. Nánar tiltekið eru þetta setningar á bls. 5 sem eru svohljóðandi:

„Slík lagaheimild fyrir notkun flutningstækja er nauðsynleg forsenda fyrir innflutningi lifandi fisks til Íslands. Gert er ráð fyrir notkun erlendra flutningstækja enda er um að ræða sérhönnuð flutningsför sem ekki eru til hérlendis.“

Textinn er afar misvísandi og hreinlega villandi. Gefið er í skyn að hefja skuli innflutning á lifandi fiski til landsins en slíkt vakir alls ekki fyrir fisksjúkdóma- yfirvöldum. Þá er seinni setningin beinlínis röng, nú þegar er kominn sérútbúinn íslenskur brunnbátur til landsins sem þjóna skal innlendum kvíaeldisstöðvum. Þó er nauðsynlegt, skv. leikreglum á Evrópska efnahagssvæðinu, að gefa möguleika á notkun slíks flutningstækis í íslenskri landhelgi enda skal slík umferð hlíta ströngum reglum, m.a. um þrif og sóttþreinsun. Komið er inn á þennan þátt á öðrum stað í frumvarpinu, þ.e.a.s. í kaflanum um „Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.“, neðarlega á bls. 3. Þar er gerð nægjanleg grein fyrir notkun á flutningstækjum fyrir fiskeldi að mínu mati.

Virðingarfyllst;


Gísli Jónsson



Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1787
komudagur 7.S. 2003

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 2. maí 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá landbúnaðarnefnd Alþingis frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl., 681. mál. innflutningur lifandi sjávardýra, EES-reglur.

Stjórn Eyþings gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



Alþingi
nefndasvið - landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 03.05.2003
Tilv. 20.70

Umsögn Fiskistofu
um
frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl., 681. mál.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að lagabreytingar þess séu tilkomnar vegna innleiðingar tilskipunar 91/67/ESB í íslenskan rétt. Þar segir réttilega að meginregla tilskipunarinnar sé sú að inn- og útflutningur eldisdýra innan EES sé heimill;- en síðan segir: " enda sé heilbrigði dýra og afurða vottað af opinberum eftirlitsaðila, hérlandis embætti yfirdýralæknis." Hér skal á það bent að samkvæmt lögum nr. 33 / 2002 um eldi nytjastofna sjávar er Fiskistofa sá opinberi eftirlitsaðili sem er ábyrgur fyrir eftirliti með eldi nytjastofna sjávar.

Lagabreytingum frumvarpsins er ætlað að skapa lagaheimildir til innleiðingar tilskipunar 91/67/ESB með reglugerð. Slík lagaheimild er þegar fyrir hendi hvað varðar innflutning á sjávardýrum. Samkvæmt lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars 2003, um breytingu á lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar, er innflutningur sjávardýra háður skilyrðum reglugerðar sem sjávarútvegsráðherra setur.

Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar er gert ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra fái vald til að setja reglur um inn- og útflutning allra lagardýra, einnig þeirra sem lifa og geta afkvæmi í sjó og eru undir forræði sjávarútvegsráðherra eins og að ofan greinir. Hér eru lagðar til breytingar á lögum um lax- og silungsveiði og á lögum um innflutning dýra. Í báðum þessum lögum er tekið fram að þau taki aðeins til lagardýra sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni. Það myndi ganga þvert á þessi lög sem og á lögin um eldi nytjastofna sjávar að færa vald yfir inn- og útflutningi sjávardýra til landbúnaðarráðherra eins og hér er lagt til. Og ekki verður heldur séð að það þjóni nokkrum tilgangi í sambandi við innleiðingu tilskipunar 91/67/ESB. Á meðan það fyrirkomulag er í gildi að greina á milli sjávardýra og ferskvatnsdýra hvað varðar eldi lagardýra, þá er óhjákvæmilegt að ráðherra sjávardýra gefi út reglur sem að þeim flokki lúta og ráðherra ferskvatnsdýra reglur um þau.

Þeim sem þetta ritar er um það kunnugt að í landbúnaðarráðuneytinu liggja fyrir drög að reglugerð um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis vegna inn- og útflutnings eldisdýra, afurða þeirra og flutningstækja. Reglugerð þessarri og viðaukum við hana er ætlað að innleiða tilskipun 91/67/ESB. Tilskipun ESB gerir ekki greinarmun á eldisdýrum sem lifa í sjó og þeim sem lifa í fersku vatni en það þýðir ekki að innleiðingin í íslenskan rétt verði að vera í einu lagi. Ekkert er á móti því að landbúnaðarráðherra gefi út slíka reglugerð með tilheyrandi viðaukum og að

hún nái eingöngu til ferskvatnsfiska. Sjávarútvegsráðherra gæti síðan innleitt tilskipunina hvað varðar sjávardýr með tilvísun í reglugerð landbúnaðarráðherra. Það yrði í ágætu samræmi við tilvísanir sem þegar eru að finna í reglugerð nr. 238 4.apríl 2003 um eldi nytjastofna sjávar. Þar er m.a. vísað til reglugerða nr. 340 / 2001 um eftirlit með fóðri, nr. 279 / 2002 um dýratilraunir og nr. 403 / 1986 um varnir gegn dýrasjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

Um 1. gr. Lagt er til að orðunum " í sjó " verði sleppt.

Um 3. gr. Fyrsta málsgreinin hljóði svo: " Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn sjúkdómamála er varða dýr sem lög þessi ná til. " Þetta er sama orðalag og í lögum um breytingu á lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars 2003.

Um 5. gr. Hér mætti undirstrika í athugasemdum að orðin " fisk, krabbadýr eða lindýr " beri að skilja svo að einungis sé átt við dýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni sbr. 1. gr. laganna.

Um 7. gr. Ný grein komi sem 7. gr., 7. gr. verði 8. gr. o.s.frv.. Nýja greinin verði svohljóðandi:

" Við 2. gr. laganna bætist eftirfarandi: að undanskyldum sjávardýrum sem lög nr. 33 16. apríl 2002 um eldi nytjastofna sjávar með síðari breytingum taka til.

Um 9. gr. sem verður 10. gr. Síðasta málsgreinin falli brott.

F. h. Fiskistofu



Þórður Ásgeirsson
Fiskistofustjóri

FISKSJÚKDÓMANEFND

Form. Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir
Sigurður Ingvarsson, forstöðumaður Keldna
Þórður Ásgeirsson, fiskistofustjóri
Árni Ísaksson, Veiðimálastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1772

komudagur 25.4.2003

Reykjavík, 22. apríl 2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis
bt. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

Málefni: Beiðni um frest vegna umsagnar fisksjúkdómanefndar og yfirdýralæknis um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl., 681. mál

Með vísan til bréfs landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars sl., hefur fisksjúkdómanefnd á fundi sínum í dag, 22. apríl 2003, tekið til meðferðar 681. mál; frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970 *um lax- og silungsveiði*, lögum nr. 54/1990 *um innflutning dýra* og lögum nr. 25/1993 *um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim*, með síðari breytingum.

Með breytingu á lögum nr. 76/1970 *um lax- og silungsveiði*, sem samþykkt var á Alþingi þann 15. mars 2003, var sú breyting m.a. gerð að fiskistofustjóri skal taka sæti í fisksjúkdómanefnd. Í dag var haldinn fyrsti fundur með nýrri nefndarskipan og því hefur lítið svigrúm gefist til formlegrar umfjöllunar á ofangreindu frumvarpi til laga. Samþykkt var að leita eftir frestun á að skila umsögn til landbúnaðarnefndar þar til 7. maí nk., en mál þetta skal tekið til lokaafgreiðslu innan fisksjúkdómanefndar þann 5. maí nk. Þar sem yfirdýralæknir gegnir formennsku í nefndinni óskar hann einnig eftir sama fresti svo samræmis verði gætt í afgreiðslu umsagnar.

Í ljósi ofanritaðs er þess hér með farið á leit við landbúnaðarnefnd Alþingis að hún veiti bæði fisksjúkdómanefnd og yfirdýralækni frest til að skila inn umbeðinni umsögn þar til miðvikudaginn 7. maí 2003.

Virðingarfyllst,
f.h. fisksjúkdómanefndar og yfirdýralæknis;


Gísli Jónsson 



Alþingi
Erindi nr. P 128/1792
komudagur 7.5.2003



EMBÆTTI YFIRDÝRALÆKNIS

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndaritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Sölvhólsgrata 7 - 150 Reykjavík
Sími: 545 9750, bréfasími 552 1160
kt 660169-5399
www.yfirdyralaeknir.is

Reykjavík, 7. maí 2003
Tilvísun: YDL03040001/111
HR/--

Varðandi frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Meðfylgjandi er umsögn Fisksjúkdómanefndar um ofangreint lagafrumvarp. Þar sem yfirdýralæknir er einnig formaður Fisksjúkdómanefndar þá er þess óskað að meðfylgjandi umsögn sé einnig umsögn frá yfirdýralækni.

Virðingarfyllst,

Halldór Runólfsson
yfirdýralæknir

FISKSJÚKDÓMANEFND

Form. Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir
Sigurður Ingvarsson, forstöðumaður Keldna
Þórður Ásgeirsson, fiskistofustjóri
Árni Ísaksson, veiðimálastjóri

Reykjavík, 6. maí 2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis
bt. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

UMSÖGN

Málefni: Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl., 681. mál, EES-reglur

Með vísan til erindis landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars sl., hefur fisksjúkdómanefnd á fundi sínum þann 5. maí sl. tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Fisksjúkdómanefnd fagnar því að íslensk stjórnvöld skuli nú vinna að fyrsta skrefi til innleiðingar samræmdra leikreglna um eftirlit með fisksjúkdómum og skilyrða á sviði dýraheilbrigðis vegna inn- og útflutnings eldisdýra, afurða þeirra og flutningstækja. Fisksjúkdómanefnd er í veigamiklum atriðum sáttt við uppsetningu ofangreinds frumvarps en vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

① Lagt er til að 2. gr. verði breytt (viðbót við 76. gr. laga um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum) og ný hljóðan verði:

„Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill. Bannið gildir þó ekki um tæki til vísindaiðkana, bólusetninga eða merkinga á fiski, enda sé innflutningur háður skilyrðum fisksjúkdómanefndar um þrif og sótthreinsun. Við inn- og útflutning eldisdýra er heimil notkun flutningstækja, og búnaðar tengdum þeim, enda skal flutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.“

Fisksjúkdómanefnd telur óhætt að gefa færi á innflutningi einstakra tækja tengdum rannsóknnum, bólusetningum og merkingum fiska, enda séu slík tæki þannig úr garði gerð að auðvelt sé að þrifa og sótthreinsa á tryggilegan hátt. Þá er óþarfi að mati nefndarinnar að taka það sérstaklega fram að hér sé um erlend flutningstæki að ræða. Í þeim tilfellum sem slíkur flutningur væri á annað borð heimilaður getur allt eins (og kannski allra helst) verið um innlend tæki að ræða. Að lokum þykir ekki nauðsyn að nefna brunnbáta sérstaklega til sögunnar, kveðið verður nánar á um slíkt í nefndri reglugerð, sem tekur m.a. á skilyrðum á sviði sótthreinsunar þessara tækja.

② Hvað 3. gr. lagafrumvarpsins varðar finnur fisksjúkdómanefnd sig enn og aftur knúna til að benda löggjafanum á ákveðna flækju í lagasetningu um yfirstjórn fisksjúkdómamála. Í fyrsta málslið 78. gr. laga um lax- og silungsveiði segir eftirfarandi: „Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála.“ Samkvæmt skilgreiningu í lögum þessum er hér átt við sjúkdóma í ferskvatnsfiskum. Þá eru í gildi lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum, sem eru samhljóða og kveða skýrt á um að landbúnaðarráðherra hafi yfirstjórn sjúkdómamála. Skv. skilgreiningu ná lög þessi yfir öll dýr, þ.m.t. ferskvatns- og sjávarfiska. Í viðauka við löggin eru taldir upp tilkynningar- (A- og B-sjúkdómar) og

skráningarskyldir (C-sjúkdómar) sjúkdómar sem bregðast skal við skv. fyrirfram gefnum viðbragðsáætlunum. Að lokum segir eftirfarandi í nýrri 5. grein í breytingu á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar sem samþykkt var á lokadögum vorþings (dags. 14. mars 2003): „*Ráðherra fer með yfirstjórn sjúkdómamála er varða dýr sem lög þessi ná til.*“ Hér er skýrt kveðið á um að sjávarútvegsráðherra fari með yfirstjórn sjúkdóma í sjávarfiskum og sjávardýrum, sem er í raun á skjön við fyrrnefnd lög.

Hér er á ferðinni ákveðinn misræmi hvað yfirstjórn fisksjúkdóma varðar. Fisksjúkdómanefnd hefur áður í umsögnum bent á þessa hættu vegna aðkomu tveggja ráðuneyta og vill enn og aftur nota tækifærið og benda á þessa misfellu. Í bréfi nefndarinnar til sjávarútvegsnefndar Alþingis, dags. 12. mars 2001, segir m.a.: „*Fisksjúkdómanefnd er á einu máli um að til lengri tíma litið sé æskilegt að ein löggjöf gildi um fiskeldi í landinu og telur ekki heppilegt að kljúfa forræði eldisgreinarinnar til tveggja ráðuneyta, háð því hvaða tegund er alin hverju sinni. Nefndin tekur ekki afstöðu til heimvistunar fiskeldisgreinarinnar en hvetur til þess að samræmi og skynsemi sé höfð að leiðarljósi í takt við nútíma stjórnsýslu.*“


③ Hvað varðar 4. gr. frumvarpsins skal á það bent að nauðsynlegt er að umorða seinni málslið 79. greinar laga um lax- og silungsveiði, eftir að fyrra málslið hefur verið breytt eins og hér er lagt til.

④ Að öðru leyti hefur fisksjúkdómanefnd engar efnislegar athugasemdir fram að færa við sjálft lagafrumvarpið. Það þykir þó rík ástæða til að gera alvarlegar athugasemdir við kaflann um „*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins*“ á bls. 4, þar sem fjallað er um 2. gr. lagafrumvarpsins. Brýnt þykir að 4. og 5. setning verði hreinlega strikaðar út. Nánar tiltekið eru þetta setningar á bls. 5 sem eru svohljóðandi:

„Slík lagaheimild fyrir notkun flutningstækja er nauðsynleg forsenda fyrir innflutningi lifandi fisks til Íslands. Gert er ráð fyrir notkun erlendra flutningstækja enda er um að ræða sérhönnuð flutningsför sem ekki eru til hérlendis.“

Þessi texti er afar misvísandi og hreinlega villandi. Gefið er í skyn að hefja skuli innflutning á lifandi fiski til landsins en slíkt vakir ekki fyrir fisksjúkdómamyfirvöldum. Þá er seinni setningin beinlínis röng. Þann 21. apríl sl. kom til landsins sérútbúinn íslenskur brunnbátur, Snæfugl SU 20, sem þjóna skal innlendum kvíaeldisstöðvum.

Virðingarfyllt,
f.h. fisksjúkdómanefndar;



Halldór Runólfson
form.



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. P 128/1758

komudagur 15.4.2003

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.04.2003

Tilv. 21.9.1/LAX

JS/sv

Málefni: Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl., 681. mál, innflutningur lifandi sjávardýra, EES-reglur

Vísað er í erindi Landbúnaðarnefndar Alþingis til Hafrannsóknastofnunarinnar dags. 26. mars 2003 um ofangreint málefni.

Stofnunin hefur engar athugasemdir fram að færa varðandi umrætt frumvarp til laga.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

552-0240

Póstfax:

562-3790

Heimasíða:

<http://www.hafro.is/>
hafro/sjalf.html

Tölvupóstfang:

librarian@hafro.is



Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva

Alþingi
Erindi nr. P 128/1781
komudagur 2.5.2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis.

Reykjavík, 25.apríl 2003.

Mál nr. 681 um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, lög um innflutning dýra og lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim með síðari breytingum.

Með vísan til þessa frumvarps til laga óskar LFH að áréttu að umrætt frumvarp verði sem fyrst að lögum. Það er lykilatryði varðandi þróun fiskeldis á Íslandi að hér á landi verði samræmdar innflutningsreglur ESB sem þarf að uppfylla svo milliríkjavíðskipti geti átt sér stað með lifandi fiskeldisdýr innan og utan EES.

Útflutningur á lifandi fiskeldisdýrum ásamt hrognum laxfiska hafa aukist hröðum skrefum. Til að tryggja framhald þess útflutnings er nauðsynlegt að uppfylla skilyrði ESS samningsins um þessi mál. Við erum í EES og LFH leggur áherslu á, að við að innleiða þessi lög verði hvergi slakað á öryggis- og heilbrigðiskröfum í íslensku fiskeldi.

Lfh mælir eindregið með því að þetta frumvarp verði samþykkt þannig að atvinnugreinin geti notið sérstöðu sinnar sem m.a. fellst í góðu ástandi heilbrigðismála fiskeldis hér á landi undir styrkri leiðsögn yfirdýralæknis en erum sjálfir ekki sérfróðir á þessu sviði.

Virðingafyllst,

Guðbergur Rúnarsson
framkvæmdastjóri Lfh.



Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1672
komudagur 11.3.2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis.

Reykjavík, 11. mars 2003.

Mál nr. 681 um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, lög um innflutning dýra og lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim með síðari breytingum.

Með vísan til þessa frumvarps til laga óskar LFH að áréttu að umrætt frumvarp verði sem fyrst að lögum. Það er lykilatriði varðandi þróun fiskeldis á Íslandi að hér á landi verði samræmdar innflutningsreglur ESB sem þarf að uppfylla svo milliríkjavíðskipti geti átt sér stað með lifandi fiskeldisdýr innan og utan EES.

Útflutningur á lifandi fiskeldisdýrum ásamt hrognum laxfiska hafa aukist hröðum skrefum. Til að tryggja framhald þess útflutnings er nauðsynlegt að uppfylla skilyrði ESS samningsins um þessi mál. Við að innleiða þessi lög verður hvergi slakað á öryggiskröfum gagnvart heilbrigðiskröfum í íslensku fiskeldi.

Lhf mælir eindregið með því að þetta frumvarp verði samþykkt þannig að atvinnugreinin geti notið sérstöðu sinnar sem m.a. fellst í góðu ástandi heilbrigðismála fiskeldis hér á landi.

Virðingafyllst,

Guðbergur Rúnarsson
framkvæmdastjóri Lfh.



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bólholt 6 • 105 Reykjavík • Sími 553 1510 • Símbref 568 4363 • www.angling.is • info@angling.is

Alþingi

Erindi nr. P 128, 1784

komudagur t.S. 2003

Reykjavík, 24 apríl, 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn vegna stjórnarfrumvarps til laga um lax og silungsveiði ofl. mál 681.

Landssambandi veiðifélaga hefur borist fyrrgreint frumvarp til umsagnar. Í ljósi þess hversu víðtækar afleiðingar fyrrgreind lagasetning hefur fyrir framtíð íslenskra laxastofna og möguleika íslensku þjóðarinnar til að varðveita heilbrigði þeirra og hreinleika til framtíðar hefur Landssambandið látið hefja ítarlega skoðun á þeim möguleikum sem kunna að vera fyrir hendi m.a. í Evrópurétti svo hjá verði komist að innleiða í íslensk lög tilskipun 91/67 EBE. Ljóst er að hér er um yfirgripsmikið verk að ræða, sem prófessor Stefán M. Stefánsson vinnur nú að fyrir LV.

Því óskar Landssamband veiðifélaga eftir viðbótarfresti til að skila umsögn og greinargerð um málið.

Virðingarfyllt

Landssamband veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson formaður

Alþingi
Erindi nr. P 128/1822
komudagur 19.6.2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12. júní 2003
2003030015/016-1
SB/hj

Álit á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar frá 26. mars 2003 þar sem óskað er eftir álitum á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Ofangreindar lagabreytingar snúast um innleiðingu tilskipunar 91/67/EBE í íslenskan rétt og þar með rýmkun á innflutningsleyfi fyrir lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöðvum í EES löndum til íslenskra eldisstöðva.

Náttúrufræðistofnun Íslands vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum:

Af frumvarpinu og greinargerð með því má marka að áhyggjur yfirvalda af innflutningi á lifandi eldisdýrum snúist einvörðungu um sjúkdómavarnir og að ekki sé unnt að setja takmarkandi reglur varðandi innflutning slíkra dýra á öðrum forsendum. Innflutningur lifandi dýra og hugsalegt stök þeirra út í villta náttúru er þó ekki síður vistfræðilegt áhyggjuefni, og þar með náttúruverndarmál, sem snertir íslenska náttúruverndarlöggjöf og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að svo sem Ríósamninginn um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.

Fordæmi eru fyrir því að Evrópudómstóllinn hefur tekið staðbundin verndarsjónarmið fram yfir grein 30 (nú 28) í stofnsamningi ESB-sáttmálans um fjálsa verslun. Í því sambandi má nefna mál danska ríkisins gegn Ditlev Bluhme sem Evrópudómstóllinn dæmdi á endanum danska ríkinu í hag (ECJ Case C-67/97). Málið snerist um innflutning hunangsflugna til eyjarinnar Læsö þar sem fyrir er staðbundinn stofn býflugna "Læsö brown bee" og verndaður var með dönskum lögum (Lov om bavl no 115/1982). Danska ríkið hélt því fram að innfluttar hunangsflugur myndu keppa við og blandast staðarstofninum þannig að honum stafaði hættu af. Sækjandi málsins dró hinsvegar í efa að um líffræðilegan "staðarstofn" væri að ræða og hélt því hinsvegar fram að bann við innflutningi annarra hunangsflugustofna fæli í sér innflutningshömlur og brot á 30. grein ESB-sáttmálans. Með tilvitnun í m.a. Ríósamninginn um líffræðilega fjölbreytni dæmdi Evrópudómstóllinn a) að landslög sem




hindruðu innflutning annarra stofna en staðarstofns (í þessu tilviki "Læsö brown bee") væru vissulega aðgerð sem samsvaraði magnbundnum viskiptahindrunum í skilningi 30. greinar (nú 28), en b) að landslögin í þessu tilviki væru réttlætanleg samkvæmt grein 36 (nú 30) vegna "verndaraðgerða fyrir heilsu og líf dýra" (.."the portection of health and life of humans, animals and plants,"....).

Með þessum dómi hefur Evrópudómstóllin viðurkennt að "health and life of humans, animals and plants" snýst ekki einvörðungu um sjúkdómavarnir heldur ekki síður náttúruvernd og vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Þetta er sjónarmið sem þarf að styrkja í öllum íslenskum lögum sem snerta innflutning dýra og plantna, sbr að enn hefur ekki verið sett reglugerð um innflutning dýra sem kveðið er á í náttúruverndarlögum, og ætti að skoðast varðandi þær lagabreytingar sem eru hér til umræðu. Ef til vill er ekki unnt að nota "danska fordæmið" til að koma algerlega í veg fyrir innflutning eldisdýra, en a.m.k. ætti það að geta styrkt staðbundnar verndaraðgerðir á svæðum þar sem um er að ræða viðurkennda staðbundna stofna fiska og annarra vatnadýra.


Stofnar íslenskra laxfiska eru mjög verðmætir og það er álit Náttúrnfræðistofnunar Íslands að takmarka eigi eins og kostur er innflutning á framandi laxfiskum til að draga úr hættu á erfðamengun. Að leita beri leiða til að koma í veg fyrir innflutning á lifandi laxfiskum með vísun til alþjóðlegra samninga og ályktana alþjóðsamfélagsins um hættu af völdum framandi lífvera.

Náttúrnfræðistofnun Íslands mælir því ekki með að Alþingi samþykki þá opnu heimild fyrir innflutningi á laxfiskum sem felst í þessu frumvarpi.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri

afrit: Umhverfisráðuneytið
Umhverfisstofnun





Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1801
komudagur 21.5.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Landbúnaðarnefnd Alþingis
b.t. Elíнар V. Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. maí 2003

Sam 128/2003 PS/sp
Tilv.: 215,0

Efni: Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. maí, var lagt fram bréf landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 681. mál.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. **Þ 128/1824**
komudagur 4.7.2003



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suð mandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Island

Tel. (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Landbúnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

3. júlí 2003

Tilvísun: UST20030300261/tb

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl. 681. mál. Innflutningur lifandi sjávardýra

Vísað er í bréf frá Landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 26. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl., 681. mál, innflutningur lifandi sjávardýra, EES-reglur.

Umhverfisstofnun starfar m.a. eftir lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og lögum um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996. Umhverfisstofnun fer í samræmi við það almennt með málefni sem snerta náttúruvernd. Stofnunin er umsagnaraðili um innflutning lifandi lífvera samkvæmt 41. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd (Innflutningur, ræktun og dreifing lifandi lífvera) og um innflutning dýra samkvæmt lögum nr. 54/1990.

Með framangreindu frumvarpi er m.a. verið að opna á innflutning lifandi dýra til Íslands þ.e. laxfiska eða annarra fiska sem lifa í ósöltu vatni, krabbadýra eða lindýra frá eldisstöðvum, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð. Þetta er gert vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Umhverfisstofnun telur að að heimild sem þessi sé einkar varhugaverð og fjölmörg dæmi þekkjast skaðleg áhrif á lífríki sé ógætilega farið að. Strangar reglur um innflutning dýra, lega Íslands og sú staðreynd að landið er eyja hafa að öllum líkindum valdið því að tiltölulega fá óhöpp hafa orðið vegna innflutnings dýra og er það sérstaða sem vissulega er þess virði að reyna að tryggja að svo verði áfram. Slíka sérstöðu ber að tryggja með ákvæðum í lögum

Afstöðu Umhverfisstofnunar til lagafrumvarpsins ber ennfremur að skoða í ljósi þess að EES samningurinn nær ekki til náttúruverndar og í honum er fyrirvari um innlend ákvæði sem snúa að verndun tegunda. Auk þess bendir stofnunin á 75. gr. laga um lax- og silungsveiði þar sem segir í 2. tl. að flutningur eldistegunda sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva, svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrognna milli ótengdra vatnasvæða, er óheimill. Ennfremur vill Umhverfisstofnun benda á að Ísland eru aðilar að samningnum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, sem öðlaðist gildi 11. desember 1994 (Stj.tíð. C

11/1995). Hjálögð er umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarpið

Niðurstaða


- Umhverfisstofnun leggst eindregið gegn að gefnar séu heimildir til innflutnings eins og gert er í 4. gr. frumvarpsins, sem fjallar um breytingar á 79 gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, og í 5. gr. frumvarpsins, sem fjallar um breytingar á lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, án þess að tillit sé tekið til annarra laga svo sem laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.
- Stofnunin telur að skoða verði heimildir af þessu tagi mun betur samanber 75. gr. sömu laga sem fjallar um bann við flutningi og sleppingu fiska milli ótengdra vatnasvæða.
- Stofnunin vekur athygli á að hvergi er í frumvarpinu vísað í hlutverk umhverfissráðuneytisins eða stofnana þess varðandi málefni sem tengjast innflutningi lífvera og áhrifa þeirra á umhverfið
- Stofnunin telur að skýra þurfi mun betur út í lögum, ekki í reglugerð, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi ef veita á heimild til innflutnings dýra.

Virðingarfyllst,

Fv. AB

Arni Bragason

Árni Bragason
Forstöðumaður



Davíð Egilson
Forstjóri

Greinargerð¹

Vísað er í bréf frá Landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 26. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl., 681. mál, innflutningur lifandi sjávardýra, EES-reglur.

Inngangur:

Umhverfisstofnun starfar m.a. eftir lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og lögum um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996. Stofnunin er umsagnaraðili um innflutning lifandi lífvera samkvæmt 41. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd (Innflutningur, ræktun og dreifing lifandi lífvera) og um innflutning dýra samkvæmt lögum nr. 54/1990.

Með framangreindu frumvarpi er m.a. verið að opna á innflutning lifandi dýra til Íslands þ.e. laxfiska eða annarra fiska sem lifa í ósöltu vatni, krabbadýra eða lindýra frá eldisstöðvum, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð. Þetta er gert vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Nánar tiltekið vegna innleiðingar tilskipunar 91/67/EBE sem síðan hefur verið breytt með tilskipunum 93/54/EBE, 95/22/EB, 97/79/EB og 98/45/EB. Tilskipun ráðsins, 91/67/EBE fjallar fyrst og fremst um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og áfurða. Umhverfisstofnun fer almennt með málefni sem snerta náttúruvernd þ.m.t röskun á náttúru Íslands.

Með heimild fyrir innflutningi lifandi dýra er verið að opna leið fyrir innflutning lífvera sem geta haft skaðleg áhrif í vistfræðilegum skilningi og vegna sjúkdóma, en síðarnefnda málefnið fellur ekki undir stofnunina. Fjölmörg dæmi þekkjast erlendis frá þar sem bæði dýr og sjúkdómar hafa valdið stórfelldum skaða á lífríki viðkomandi landa með miklum tilkostnaði og á það líka við um þær tegundir sem hér eru til umfjöllunar. Nægir hér að nefna áhrif á náttúrulegra laxastofna í norskum ám vegna sýkingar af völdum sníkjudýra sem barst með seiðum frá Svíþjóð.

Strangar reglur um innflutning dýra, lega Íslands og sú staðreynd að landið er eyja hafa að öllum líkindum valdið því að tiltölulega fá óhöpp hafa orðið vegna innflutnings dýra og er það sérstaða sem vissulega er þess virði að reyna að tryggja að svo verði áfram. Slíka sérstöðu ber að tryggja með ákvæðum í lögum

Umhverfisstofnun vill benda á að EES samningur íslenska ríkisins við Evrópusambandið nær ekki til náttúruverndar. Í 1. kafla 1. gr., Almenn ákvæði, tilskipunar 91/67/EBE segir:

"Í þessari tilskipun eru skilgreind skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldisdýra og áfurða. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um ákvæði bandalagsins eða innlend ákvæði um verndun tegunda."

Afstöðu Umhverfisstofnunar verður því að skoða í ljósi þess að EES samningurinn nær ekki til náttúruverndar og að settur er fyrirvari um innlend ákvæði sem snúa að verndun tegunda.

Auk þess bendir stofnunin á 75. gr. laga um lax- og silungsveiði þar sem segir í 2. tl. að flutningur eldistegunda sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva, svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða, er óheimill. Einnig vill Umhverfisstofnun benda á að Íslendingar eru aðilar að samningnum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

¹ Greinargerð er unnin af Trausta Baldurssyni og Helga Jenssyni

Umhverfisstofnun vill að lokum nefna, vegna tengsla við framangreint frumvarp, að 14. mars sl. var samþykkt á Alþingi breyting á lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna en þar segir í 1. gr. b lið (6.gr.):

" Heimilt er að flytja til landsins frá eldisstöð sjávardýr er lög þessi ná til, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem sjávarútvegsráðherra setur, að höfðu samráði við embætti yfirdýralæknis. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu yfirdýralæknis um að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt ákvæði þessu. "

Framangreind lög komu ekki til umsagnar hjá Umhverfisstofnun og telur stofnunin óeðlilegt að ekki er fjallað um hlutverk umhverfissráðuneytisins og stofnana þess varðandi innflutning tegunda til landsins í þessu lagaákvæði.

Niðurstaða

- Umhverfisstofnun leggst eindregið gegn að gefnar séu heimildir til innflutnings eins og gert er í 4. gr. frumvarpsins, sem fjallar um breytingar á 79. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, og í 5. gr. frumvarpsins, sem fjallar um breytingar á lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, án þess að tillit sé tekið til annarra laga svo sem laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.
- Stofnunin telur að skoða verði heimildir af þessu tagi mun betur samanber 75. gr. sömu laga sem fjallar um bann við flutningi og sleppingu fiska milli ótengdra vatnasvæða.
- Stofnunin vekur athygli á að hvergi er í frumvarpinu vísað í hlutverk umhverfissráðuneytisins eða stofnana þess varðandi málefni sem tengjast innflutningi lífvera og áhrifa þeirra á umhverfið
- Stofnunin telur að skýra þurfi mun betur út í lögum, ekki í reglugerð, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi ef veita á heimild til innflutnings dýra.



VEIÐIMÁLASTJÓRI

Directorate of Freshwater Fisheries

Vagnhöfði 7
110 Reykjavík, Iceland
Sími: 567 6400 • Bréfsími: 567 8850
Netfang: veidimalastjorn@veidimalastjori.is

Alþingi

Erindi nr. P 128/1795

Landbúnaðarnefnd Alþingis

Elín Valdís Þorsteinsdóttir ritari

Alþingi

150 Reykjavík

komudagur 9.5.2003

7. maí 2003

Varðar frumvarp til breytinga á lögum um lax- og silungsveiði o.fl. 681.mál

Undirritaður hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Megintilgangur frumvarpsins er að opna leið til að innleiða tilskipun 91/67/ESB með reglugerð.

Undirritaður telur miður að gera þurfi svo miklar breytingar í frjálsræðisátt varðandi innflutning á laxfiskum, þegar ljóst er að áfram verður óheimilt að flytja til landsins annan búfænað, sem nýttur er við framleiðslu í landbúnaði. Íslenskir laxfiskar, bæði í villtri náttúru og eldi, hafa ákveðna sérstöðu, þar sem hér hafa aldrei komið upp veirusjúkdómar, sem valda verulegum búsifjum í eldi í nágrannalöndunum. Það er engin tilviljun að lax og skyldir fiskar hafa tilheyrt landbúnaði hér á landi, þar sem þeir hafa lifað sem ungvíði í tiltölulega hreinu ferskvatnsumhverfi og dvelja aðeins í sjó á síðari stigum lífsferilsins. Einnig hefur eldi þessara fiska að mestu verið í sjúkdómafríu ferskvatnsumhverfi. Því miður virðast reglur EB ekki gera greinarmun á slíkum fiskum og sjávarfiskum, sem lifa í mun mengaðra sjávarumhverfi og einnig er ljóst að smitfrítt ferskvatn í þeim gæðaflokki, sem fyrirfinnst hér á landi, er af skornum skammti á meginlandi Evrópu. Því þurfa að koma til verulega sterk varúðarákvæði í reglugerð, ef umræddar breytingar á lögnum ná fram að ganga.

Verði ekki undan því vikist að innleiða ofangreinda tilskipun EB, verður líklega að gera einhverjar breytingar á 79. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungveiði með síðari breytingum, sem bannar innflutning á lifandi laxfiskum með undanþáguheimild ráðherra. Undirritaður gerir ekki athugasemdir við tillögu í 4. grein lagafrumvarpsins, enda verði síðari málsgrein 79. greinar að mestu óbreytt.

Einnig eru gerðar tillögur um breytingu á 76. grein laxveiðilaganna, sem bannar innflutning á notuðum eldisbúnaði. Um mál þetta hefur m.a. verið fjallað í fisksjúkdómanefnd og hafa aðilar komist að samkomulagi um að leggja til róttækar breytingar á því orðalagi sem fyrir liggur. Lagt er til að 2. grein frumvarpsins verði svohljóðandi (viðbót við 76. grein laganna): „*Bannið gildir þó ekki um tæki til vísindaiðkana, bólusetninga eða merkinga á fiski, enda sé innflutningur háður skilyrðum fisksjúkdómanefndar um þrif og sótthreinsun. Við inn- og útflutning eldisdýra er heimil notkun flutningstækja, og búnaðar tengdum þeim, enda skal flutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.*“ Vegna reynslu, sem fengist hefur frá því að þetta ákvæði 76. gr. var sett 2001(L.83), telur undirritaður æskilegt að skilgreina greinina betur og rýmka fyrir innflutningi á ýmsum tækjum sem auðvelt er að sótthreinsa. Þá verður að telja óþarft að taka það sérstaklega fram að um erlend flutningstæki sé að ræða og þaðan af síður að tilgreina brunnbáta sérstaklega, þar sem ólíklegt verður að telja, að innflutningur á bátsförmum af lifandi laxfiskum til landsins verði heimilaður, ef rétt er að málum staðið.


Af sömu ástæðu er bráðnauðsynlegt að fella út 4. og 5. setningu í lagaskýringum á 2. grein frumvarpsins, sem eru svohljóðandi: „*Slík lagaheimild fyrir notkun flutningstækja er nauðsynleg forsenda fyrir innflutningi lifandi fisks til Íslands. Gert er ráð fyrir notkun erlendra flutningstækja enda er um að ræða sérhönnuð flutningsför sem ekki eru til hérlendis.*“ Þessar setningar eru mjög villandi og gefa í raun í skyn að hefja skuli innflutning á laxfiskum í heilum bátsförmum til landsins og gæti gefið tilefni til mistúlkunar í framtíðinni, ef ekki eru gerðar breytingar.

Að lokum skal bent á ákveðið ósamræmi milli þessa lagafrumvarps og nýrra laga, nr.33/2002 um eldi nytjastofna sjávar, sem gefa til kynna að sjávarútvegsráðherra fari með fisksjúkdómamál sjávarfiska. Slík misvísun er varasöm, þar sem komið geta upp tilfelli þar sem ráðherra þarf að taka ákvörðun um förgun í eldisstöð. Í stöðinni geta verið bæði laxfiskar, sem heyra undir landbúnaðarráðherra og sjávartegundir, sem nú heyra undir sjávarútvegsráðherra. Ljóst þarf að vera, hvor ráðherranna færi með forsjá þess máls.


Þetta mál tengist raunar þeirri óheillaþróun sem orðin er, þar sem forræði fiskeldis er nú skipt milli tveggja ráðuneyta með tilheyrandi tvíverknaði og hættu á mistökum, sem embættið benti rækilega á í umsögn sinni til sjávarútvegsnefndar vegna setningar laga nr. 33/2002.

Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við það frumvarp, sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst



Arni Ísaksson, veiðimálastjóri



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 12. maí 2003

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga 681. mál

Veiðimálastofnun hefur verið beðin um umsögn um frumvarp til laga 681. mál, breytingar á lögum um lax og silungsveiði og fleira.

Í frumvarpinu er um að ræða afar afdrifaríkar breytingar á lögum, sem gera það að verkum að leyft verður að flytja inn lifandi lagardýr svo fremi að þau séu ekki talin með tiltekna sjúkdóma.

Frumvarpið byggir á skuldbindingum Íslands vegna samninga um Evrópskra efnahagssvæðið og er nánar tiltekið vegna lögleiðingar tilskipunar Evrópuráðsins nr 91/67/ í íslenskan rétt. Síðan hafa orðið viðbætur og breytingar við þá tilskipun eins og segir í greinargerð með frumvarpinu. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið nær ekki til auðlindastjórnunar og ekki til náttúruverndar. Þau ákvæði sem hér um ræðir eru ekki eingöngu viðskiptalega eðlis, það er frjáls sala eldisafurða milli landa. Þau koma klárlega inn á náttúruvernd og inn á auðlindastjórnun. Enda segir í tilskipuninni að henni sé ætlað að taka á heilbrigði eldisdýra í sambandi við markaðsetningu fiskeldisdýra og afurða. Jafnframt segir í 1. kafla 1. grein tilskipunarinnar. **“Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um ákæði bandalagsins eða innlend ákvæði um verndun tegunda”**.

Þarna er komið að kjarna málsins. Taka verður tillit til þessa svo tryggja megi verndun tegunda. Þetta hefur algerlega farið framhjá höfundum eða öllu heldur þýðendum frumvarpsins. Þetta ákvæði tryggir að hægt er að vernda íslenskar tegundir, vitfræðileg samfélög og vistkerfi fyrir innflutningi, líkt og þjóðir heims hafa skuldbundið sig til að

gera samanber samning um líffræðilega fjölbreytni sem Ísland er aðili að (Stjrt. C 11/1995) og samning um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu (Stjrt. C 17/1993). Óþarfi er því að galopna á innflutning án nokkurra girðinga annarra en vegna sjúkdóma. Það stendst fyllilega kröfur samningsins, enda sýnir lausleg könnun að aðrar þjóðir viðhalda slíkum fyrirvörum. Ekki vannst tími til að kanna það til hlítar enda sá frestur sem Alþingi gefur afar skammur í jafn flóknu máli sem hér um ræðir. Erfitt getur reynst að gefa umsagnir um jafn illa unnið og lítt ígrundað frumvarp og hér um ræðir, þar sem ábyrgðinni er að hluta varpað á umsagnaraðila. Þar sem undirritaður hefur séð til vandaðra vinnubragða á Alþingi treystir hann því að þetta frumvarp fái vandaða og góða umfjöllun.

Í frumvarpinu hefur farist fyrir að taka tillit til þeirrar hættu sem stafað getur af innflutningi lagardýra, hvað varðar erfðafræðileg og vistfræðileg áhrif. Í stuttu máli getur óhindraður innflutningur slíkra dýra valdið því að íslensk vistkerfi beri óbætanlega skaða af og hin mikla auðlind sem fólgin er í sérstæðu lífríki í fersku vatni á Íslandi er sett í stórkostlega hættu. Sama gildir um þær nytjar sem er af dýrastofnum ferskvatns. Tekjur lögbýla allt í kringum landið af veiðum á fiskstofnum ferskvatns eru afar mikilvægar og stangveiði á Íslandi veltir um 3 milljörðum á ári. Nátengt þessu er drjúgur hluti af íslenskri ferðaþjónustu. Þessum tekjum og árangri við að nýta þessa auðlind á sjálfbæran hátt hefur komið með áratuga starfi veiðiréttarhafa og veiðimálayfirvalda svo og með rannsóknum og þróunarstarfi. Fiskstofnar eru líka mikilvæg erfðaauðlind sem nýst getur fiskeldi í framtíðinni. Góð staða í sjúkdómamálum í fiskeldi hér á landi er að hluta vegna fjarlægðar frá öðrum löndum og strangra regla um innflutning og eftirlit. Þetta hefur styrkt stöðu íslensks fiskeldis. Þessu er öllu hætt ef opnað er á innflutning eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þrjár meginhættur eru samfara því að flytja tegundir milli landa. Í fyrsta lagi geta sjúkdómar borist með viðkomandi tegund og herjað í framhaldinu á innlendar tegundir. Umrædd tilskipun leitast við að taka á þeirri hættu, en benda verður á að sjúkdómaeftirlit er erfitt viðfangs og er bæði þeking og greiningaraðferðir dýrasjúkdóma ekki á því stigi að öruggt megi telja að ekki leynist sjúkdómar í eldisdýrum og í eldisvökva. Sama gildir um sníkjudýr. Ótal dæmi væri hægt að nefna um sjúkdóma t.d. í fiskum sem borist hafa á milli landa í dýrum sem höfðu vottorð um heilbrigði. Í öðru lagi geta framandi eldisdýr

sloppið eða beinlínis verið sleppt á skilgreint eldissvæði og blandast þeim innlendu stofnum sem fyrir eru. Um þetta er til mörg dæmi. Verður þar með erfðablöndun og geta erfðaeiginleikar innlendra stofna glatast og þar með stofnar, sem eru aðlagðir aðstæðum í umhverfi sínu, í gegnum mörg þúsund ára náttúruval. Við þetta tapast líffræðilegur fjölbreytileiki og ef til vill mikilvægir nytjastofnar. Í þriðja lagi geta framandi lífverur sett innlend vistkerfi í uppnám. Nefna má ótal dæmi þar um. Ef til vill er nærtækast að nefna flutning minnks til landsins og nú síðast kanínur og þann usla sem þær geta valdið t.d. í Vestmannaeyjum. Sömu lögmál gilda um ferskvatnslífverur. Fiskar og önnur lagardýr lifa í vökva og í honum geta borist lífverur sem ekki finnast í íslenskri náttúru og haft varanleg áhrif.

Íslensk ferskvatnsvistkerfi eru afar fjölbreytileg að gerð og eðli. Því veldur fjölbreytileg jarðmyndun landsins. Finna má jarðmyndanir að ólíkri gerð frá allgömlu blágrýtisbergi upp ung hraun og eru eiginleikar vatna á slíkum svæðum mjög mismunandi. Hér á landi eru afar fáar tegundir lífvera. Því veldur lega landsins fjarri öðrum löndum og sá jarðsögulega stutti tími sem liðinn er frá ísöld. Þetta skapar þá umgjörð þar sem fáar tegundir lífvera aðlagast í afar fjölbreyttu umhverfi. Því er lífríki landsins mjög sérstakt og í sumum tilfellum alveg einstakt og má í því sambandi nefna vatnakerfi sumra lindáa sem vart eiga sinn líka í veröldinni. Vegna þessa er lífríki Íslands jafnframt viðkvæmt fyrir breytingum eins og innflutningi lífvera.

Sem dæmi þá eru hér einungis 6 tegundir ferskvatnsfiska meðan 42 tegundir finnast í Noregi og enn fleiri á meginlandi Evrópu.

Það er því full ástæða til að viðhalda því ákvæði sem er í lögum um innflutning dýra nr. 54 frá 1990 með síðari breytingum og samanber ákvæði í lögum (41. grein) um náttúruvernd nr. 44. frá 1999 með síðari breytingum.

Verður þá vikið að frumvarpinu og gerðar athugasemdir við einstaka greinar. Ekki verður séð að 2. grein eigi hér nokkurt erindi. Hvergi er vikið að flutningstækjum í umræddri tilskipun. Leyfi sem þetta kallar einungis á hættu á að hingað berist sjúkdómar. Sú spurning vaknar hvers vegna þessu ákvæði er stungið inn hér. Er það til að auðvelda innflutning ? umfram það sem tilskipunin hljóðar uppá, eða hvað gengur mönnum til ?

Í 3. grein er fjallað um fisksjúkdómanefnd og skipan hennar. Þar er lagt til breytt skipan nefndarinnar og um hlutverk hennar. Skipan fisksjúkdómanefndar er mjög gömul og í anda þess tíma sem hún var skipuð fyrst í þessari mynd um miðbik síðustu aldar. Þar eru embættismenn og nú er bætt einum embættismanni til viðbótar. Til að ná meiri faglegum styrk í nefndina væri æskilegt að þar sæti sérmenntað kunnáttufólk bæði í sjúkdómum (klinísk fræði, smit og meðhöndlun) og í faraldsfræði þeirra (vistfræði). Það er hægt í dag þó að svo hafi ekki verið fyrir rúmum 50 árum. Því er lagt til að í nefndinni sitji fulltrúar skipaðir af fisksjúkdómadeildarinnar á Keldum, frá Hafrannsóknastofnun og frá Veiðimálastofnun auk dýralæknis fisksjúkdóma og yfirdýralæknis sem væri formaður.

Í 4. grein þarf að setja fyrirvara til viðbótar fisksjúkdómafyrirvaranum (sem greint er á um í útkominni reglugerð) **um að tryggt sé að innflutt dýr valdi ekki erfðafræðilegri eða vistfræðilegri hættu** og vísa til Náttúruverndarlaga (44/1999), sem ef til vill þarf að styrkja í þessu tilliti (grein 41.) og til laga um innflutning dýra (54/1990). Sterkast væri að færa þessa fyrirvara einnig í 79. grein lax og silungsveiðilaganna (76/1970) og útfæra hvernig tryggja mætti að fyrirvarana til dæmis með umsögnum vísindastofnana eins og Veiðimálastofnunar, Náttúrufræðistofnunar, erfðanefnd landbúnaðarins og með úrskurði/umsögn embættisstofnanna eins og Veiðimálastjóra og Umhverfisstofnunar.

5. grein er líklega óþörf. Ekki virðist þurfa að breyta þessum lögum, enda í þeim kveðið á um undanþágur til að flytja inn lífverur. Gildir það um næstu greinar einnig, nema þar mætti bæta inn fyrirvörum og breyta þá lögum 54/1990 svo að þau taki skýlaust til erfðafræðilegrar og vistfræðilegrar hættu sem stafar af innflutningi


Nýlega var samþykkt frumvörp sama efnis um sjávarfiska þarfnast sömu meðferðar því þar eru ótvírætt um sömu hættur að ræða varðandi vistfræðilegar og erfðafræðilegar hættur samfar innflutningi lífvera (Þingskjöl 1417 og 1447 frá síðasta þingi).

Lokaorð

Umrætt frumvarp er að mati undirritaðs byggt að hluta á misskilningi. EES samningur tekur ekki til auðlindastjórnunar og náttúruverndar. Ákvæði til að tryggja þessa þætti eru því utan sammingsins. Því til viðbótar er í tilskipuninni ((91/67) sem þrýstir á breytingar á lögum) gert ráð fyrir að áfram sé fyrirvarar til að tryggja verndun tegunda og þar með lífræðilegan fjölbreytileika og vistkerfi. Breyta þarf

lögum með þetta í huga en ekki opna án skilyrða á frjálsan innflutning lífvera. Það hafa Evrópuþjóðir heldur ekki gert.

Virðingarfyllt,



Sigurður Guðjónsson, framkvæmdastjóri